

Mál nr. 125/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Skaðabótaábyrgð vegna vinnu við að saga niður vegg 16. janúar 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 16. mars 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 17. apríl 2020.

Viðbótarathugasemdir lögmanns M, sbr. bréf dags. 15. maí 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi verið falið að saga niður vegg í húsnæði M hinn 16. janúar sl. og hafi starfsmenn X við það verk sagað í vatnslögn sem leitt hafi til leka inn húseign M og nokkurs tjóns.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M þar sem starfsmenn X hafi ekki sýnt næga aðgæslu við verkið og undirbúning þess. Nánar tiltekið hafi hvorki verið kannað hvort vatnslagnir væru í veggnum né brugðist rétt við þegar sagað hafi verið í lögnina, nokkur tími hafi því liðið þar til skrófað hafi verið fyrir vatn og hafi það leitt til tjóns M. Því er vísað á bug af hálfu M að hann hafi verið búinn að undirbúa verkið með þeim hætti að starfsmenn X hafi mátt treysta því að ekki hafi verið lögn í veggnum, eða að arkitekt á vegum M hafi verið búinn að merkja hvar ætti að saga í vegg. M ber því við að starfsmenn X hafi ekki rætt við M áður en þeir hófu verkið, né þá iðnaðarmenn sem voru að störfum í húsnæði M þegar verkið var unnið.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt. V telur að tjón M sé fyrst og fremst hægt að rekja til þess að undirbúningur verksins hafi verið ófullnægjandi af hálfu M. Bent er á af hálfu V að M hafi verið búinn að undirbúa verkið sem X var falið með því að aftengja ofn, setja tappa í ofnlögn, taka ofn niður af vegg og merkja hvar ætti að saga í vegginn. V bendir á að starfsmenn X hafi ekki verið upplýstir um staðsetningu vatnslagnar og það hafi verið hlutverk M að benda á hana, auk þess sem starfsmenn M hafi stöðvað vinnu sína um leið og þeir áttuðu sig á því að sagað hefði verið í vatnslögn.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi vegna vinnu starfsmanna X við verk fyrir M, sem fólst í því að saga niður vegg í húsnæði á Hverfisgötu. Ekki er ágreiningur um að sagað var í vatnslögn og verður að ætla af gögnum málsins að tjón hafi af því hlotist fyrir M. Í málinu liggja ekki fyrir gögn frá X sjálfum, lýsingar starfsmanna af því hvernig verkið var framkvæmt og hvaða upplýsingar voru lagðar til grundvallar þegar verkið var unnið. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk, eins og þau sem starfsmönnum X var falið að vinna, þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður af gögnum málsins ekki ráðið að starfsmenn X hafi kannað aðstæður á verkstað með fullnægjandi hætti og ber V sönnunarbyrði um að svo hafi verið, en ekki er hægt að byggja á lýsingum V sem ekki eru staðfestar með öðrum gögnum en bréfi V til nefndarinnar dags. 17. apríl 2020. Starfsmenn X teljast því hafa sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M og er greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X því fyrir hendi hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum vegna tjóns á húseign úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.